



Félagsfræði 403 Vor 2012 Verkefni 5

Megindleg rannsókn 25% og eigindleg rannsókn 10%.
Samtals 35% af námsmati annar.

Markmið:

Markmið verkefnisins er að nemendur þjálfist í öguðum og sjálfstæðum vinnubrögðum og læri um leið að beita aðferðum félagsvísinda á ákveðið viðfangsefni.

Vinnulag:

- Verkefnið getur verið einstaklingsverkefni eða unnið af hópum, 2-4 manna.
- Tekið skal fyrir eitt ákveðið rannsóknarefni og það rannsakað og greint með meginlegum og eigindlegum aðferðum.
- Hópurinn setur upp vinnuáætlun þar sem fram kemur:
 - lýsing á viðfangsefninu, tilgáta sem á að rannsaka.
 - hvaða þýði á að skoða,
 - hvaða úrtaksaðferð skal notuð og hve stórt úrtak
 - Hvaða eigindlegum aðferðum á að beita
 - gróf tímaáætlun og verkaskipting
 - Athugið að möguleiki er á að sameina í eina skoðanakönnun, sem væri hægt að leggja fyrir í umsjón, rannsóknarverkefni nokkurra hópa.
- Hópurinn/einstaklingur leggur vinnuáætlun fyrir kennara og ef hún fæst samþykkt vinnur hópurinn samkvæmt því og skyldumæting í tíma fellur niður.
- Ef um hóp er að ræða gefa meðlimir sér og öðrum í hópnum einkunn fyrir vinnu í hópnum. Það gefur möguleika á að umbuna eða refsa fyrir mismunandi vinnuframlag.
- Kennari verður aðgengilegur í kennslustundum til leiðbeiningar.
- Best er að vinna samkvæmt rannsóknaráætlun (sjá kennslubók. bls. 82-85)
 - Val á viðfangsefni
 - Afla heimilda
 - Tilgátur og/eða rannsóknarspurnignar
 - Velja rannsóknaraðferðir
 - Rannsóknaráætlun
 - Forkönnun/ æfing fyrir rannsókn og endurskoðun rannsóknaráætlunar
 - Rannsókn framkvæmd
 - Greining gagna
 - Túlkun gagna, skýrsla skrifuð.
- Meginleg könnun skal unnin í SPSS. Skólinn hefur eina tölvu með fullvöxnu forriti þar sem best er að vinna úr könnuninni en einnig er hægt að nota SPSS student version.
- Skiladagur: Lok annar. Verkefni kynnt fyrir samnemendum í síðustu viku annar. Kynning vegur 15% af einkunn.

- **Dæmi um möguleg verkefni:**

Tölvufíkn, Spilafíkn, Eiturlyfjanotkun á Suðurlandi/FSu. Áhrif tölvunotkunar á námsárangur. Svæðaskipting í húsi Fjölbrautaskóla Suðurlands. Þróun sjálfsmýndar unglinga, Sjónvarpsáhorf og afleiðingar þess. Jafnréttishugmyndir unglinga. Kynjamunur í tölvunotkun. Andleg líðan unglinga. Trúmál ungs fólks. Reykingar unglinga og áhrif þeirra. Áhættuhegðun ungs fólks. Stjórnmalaskoðanir nemenda í Fsu. Félagslíf unglinga. Matarvenjur ungs fólks. Tengsl á milli íþróttar og námsárangurs. Fjármálalæsi unglinga. Lestur unglinga. Náttúrusýn ungs fólks. Fólk og dýr/dýrahald/gæludýr. Möguleg önnur verkefni í tengslum við verkefnið:”Heilsuefandi Framhaldsskóli”, t.d. skoða mataræði og hreyfingu nemenda og starfsfólks í Fsu.

Matskvarði fyrir verkefni 5.

Útlit á skýrslu 10%

Vel sett upp, rétt forsíða, efnisyfirlit, blaðsíðutal, skynsamleg kaflaskipti, töflur og myndir númeraðar, heimildaskrá.	A B C D E	Vantar verulega á útlit, ekki blaðsíðutal eða forsíða. Töflur illa unnar og óskýrar eða bæta engu við.
--	------------------	--

Formáli/inngangur/tilgáta 15%

Góð umræða um tilgang og markmið rannsóknar, viðfangsefni og rannsóknartilgátur. Einnig fjallað um rannsóknaraðferðir, úrtaksaðferð og forrit notuð í vinnslu.	A B C D E	Óskýr umræða um markmið rannsóknar. Lítið fjallað um aðferðir og úrvinnslu, tilgátur
--	------------------	--

Eigindlegur hluti 15%

Góð umræða um eiginlega hluta rannsóknar, og niðurstöður skýrar, gefin dæmi um hegðun eða ummæli og niðurstöður dregnar saman í lokin og þær notaðar í vinnu við meginlegu hluta rannsóknar.	A B C D E	Ekkert samband á milli eigindlegu rannsóknarinnar og þeirrar meginlegu, jafnvel unnin í sit hvoru lagi. Niðurstöður ekki dregnar saman.
--	------------------	---

Útreikningar 25%

Úrvinnsla meginlegrar rannsóknar til fyrirmyndar, forrit notuð á réttan hátt, unnið með hlutfallareikning, fylgni, marktækni og þær aðferðir sem henta rannsóknarverkefni og tilgátum sem unnið er með. .	A B C D E	Lítill vinna lögð í útreikninga, fyrst og fremst unnið með svarhlutföll. Ef annað kemur fram er það ómarkvisst og á ekki við eða beinlínis rangt.
---	------------------	---

Niðurstöður 20%

Niðurstöður rannsóknar dregnar saman í lokin á myndrænan hátt í töflum, stöplaritum, kökuritum eða línuritum. Í meginmáli er fyrst og fremst einblínt á meginatriði og það sem skiptir mestu máli fyrir rannsóknarspurningar en allar niðurstöður sem tengjast rannsókn koma fram í viðauka.	A B C D E	Niðurstöður fá lítið rými í skýrslu, mættu vera myndrænni og aðgengilegri, ekki dregin saman meginatriði, vantar heildarniðurstöður í viðauka.
--	------------------	--

Kynning, metin af samnemendum 15%

Skýr og vel undirbúin kynning. Hópur(einstaklingur veit greinilega hvað hann var að vinna að og kemur því á framfæri með myndrænum og einföldum hætti.	A B C D E	Illu skipulögð kynning, lítið unnið með myndrænar niðurstöður og aðrir nemendur víta lítið um hvað rannsókn fjallaði um. Hópurinn er ekki samstíga og sumir víta lítið um hvað rannsóknin gekk útá.
--	------------------	---